



ÁRSSKÝRSLA 2009
NÁMSGAGNASTOFNUN

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	3
<i>Námsefnisgerð</i>	4
<i>Frumútgáfur ársins 2009</i>	6
<i>Kynningarstarf</i>	9
<i>Í dagsins önn</i>	10
<i>Starfið er margt</i>	11
<i>Af erlendu samstarfi</i>	14
<i>Norræn skólabókaráðstefna</i>	14
<i>IGEP ráðstefna</i>	14
<i>Vefur Námsgagnastofnunar www.nams.is</i>	15
<i>Ársreikningur fyrir árið 2009</i>	16
<i>Efnahagsreikningur 31. desember 2009</i>	16
<i>Rekstrarreikningur fyrir árið 2009</i>	16

ÁRSSKÝRSLA 2009

Námsgagnastofnun
Reykjavík 2010
Umsjón: Tryggvi Jakobsson
Prentvinnsla: Litróf – Hagprent



FORMÁLI

Árið 2009 var fyrst og fremst árið sem við fluttum stofnunina frá Reykjavík í Kópavog, frá hjarta borgarinnar við Laugavegin og í útjaðar Kópavogs í Víkurhvarfi. Á Laugaveginum vorum við í nágrenni við marga sem við eigum regluleg samskipti við og þaðan var stutt til allra átta en þar bjuggum við líka við mengun og umferðarnið. Hér í Víkurhvarfinu finnst okkur við vera langt frá öllu og öllum en hér er bæði friður og fallett útsýni. Það verður ekki á allt kosið í þessu frekar en öðru.

Þessi flutningur reyndist mikið átak og átti sér langan aðdraganda svo það er rétt að gera nokkra grein fyrir þessu ferli hér.

Það var í maímánuði á því herrans ári 2004 sem Vinnueftirlit ríkisins kom í eftirlitsferð í Brautarholti 6 þar sem lagerinn okkar var til húsa. Þeir tilkynntu svo í kjölfarið að húsnæðið uppfyllti ekki ákvæði vinnuverndarlaga um heilsusamlegt starfsumhverfi, það væri hættulegt starfsmönnum og að öllu leyti óásættanlegt. Bent var á ýmis atriði því til staðfestingar og okkur var gert að skila áætlun um úrbætur.

Eftir nána skoðun á tilmælum Vinnueftirlitsins og ástandi hússins varð ljóst að um verulega fjárfrekar umbætur yrði að ræða ef koma ætti til móts við kröfur Vinnueftirlitsins. Auk þess mátti sjá fyrir, að kröfur Vinnueftirlitsins um breytingar hefðu m.a. minnkað hilluplássið svo það hefði ekki dugað fyrir lagerinn. Það var líka afar óhentugt að hafa lagerinn á tveimur hæðum og selflytja vörur á milli hæða og því spurning hvort rétt væri að fara í fjárfrekar umbætur á húsnæði sem, þrátt fyrir þær, yrði alltaf óhentugt sem lagerhúsnæði og barn síns tíma.

Svo þá þóttu góð ráð dýr og leitað var til menntamálaráðuneytisins eftir ráðgjöf í málinu. Hófst þá nokkuð langt ferli og í samráði við ráðuneytið, og síðar Framkvæmdasýslu ríkisins, var leitað að hentugu húsnæði fyrir starfsemi. Fyrst var aðeins leitað að lagerhúsnæði í nágrenni við Laugaveg 166 þar sem skrifstofurnar voru, en þegar í ljós kom að það var ófánlegt var ákveðið að reyna að finna húsnæði sem hentaði fyrir alla starfsemi stofnunarinnar og sameina hana undir eitt þak. Hlé var svo gert á þessu starfi á meðan lög um Námsgagnastofnun voru samin og ekki byrjað aftur fyrr en ljóst var að stofnuninni var ætlað að starfa áfram með svipuðum hætti og verið hafði.

En hentugt húsnæði með lagerrými og skrifstofur í einu húsi var ekki auðfundnið og reyndist ófánlegt í höfuðborginni. Eftir ítarlega leit fannst nýtt hús hér í Kópavoginum sem er harla nálægt því að henta fyrir starfsemi stofnunarinnar.



Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

Hér er hátt til lofts og vítt til veggja, hreint og bjart og vinnuástaða góð. Óhætt er að segja að viðbrigðin urðu mest á lagernum því þegar búíð var að taka bækur úr hillum og tæma húsnæðið að Brautarholti 6, þá sást vel hversu skelfilegt ástandið var orðið á því húsi.

Það er ekki lítið verkefni að flytja stofnun eins og þessa milli bæja. Því hefur fylgt mikið álag á starfsfólki sem vann að því að pakka öllu niður á gamla staðnum og koma því fyrir aftur í ólíku umhverfi. Því hefur líka fylgt streita að flytja úr miðbæ Reykjavíkur og hingað í útjaðar höfuðborgarsvæðisins. Starfsfólk Námsgagnastofnunar á heiður skilinn fyrir einstakan dugnað og þrautseigju í þessu breytingaferli sem við höfum gengið í gegnum og ég óska þess að við verðum farsæl í starfi okkar hér í Víkurhvarfinu.

En við erum sem betur fer ekki alltaf að flytja og þrátt fyrir töluverða truflun á starfsemi var mikið af nýju námsefni gefið út á árinu 2009. Samtals voru það 96 titlar. Þetta voru bækur, fræðslumyndir, hljóðbækur og stafrænt efni á vef. Að þessum verkum unnu, auk fastra starfsmanna, 57 náms-efnishöfundar, 22 teiknarar og ljósmyndarar og auk þeirra prentarar, forritarar, lesarar, hljóðupptökufólk og fleiri sérfræðingar sem nauðsynlegt er að eiga samstarf við um námsefnisgerðina. Sjá nánar um útgáfuna á bls. X

Ingibjörg Ásgeirsdóttir.

NÁMSEFNISGERÐ

Á námsefnis- og framleiðsluviði Námsgagnastofnunar störfuðu, auk útgáfustjóra, sjö ritstjórar, tveir prentsmiðir, kynningarstjóri, hönnuður, verkefnisstjóri, fulltrúi og tölvunarfræðingur, auk nema í prentsmíði. Neminn, Ásta María Sigmarsdóttir, fékk verklega þjálfun hjá Námsgagnastofnun í umsjón Margrétar Friðriksdóttur prentsmiðs og lauk sveinsprófi í júní með afburðaárangri. Fyrir það eru þeim færðar árnaðaróskir frá stofnuninni.

Meginverkefni sviðsins eru undirbúningur og áætlanagerð vegna nýrra viðfangsefna á vettvangi námsefnisgerðar, ritstjórn þeirra verka, hönnun, umbrot og umsjón með endurskoðun eldra efnis. Útgáfuformið er með ýmsu móti: Nemendabækur, verkefnabækur og vinnuhefti á prentuðu formi, kennsluleiðbeiningar og verkefni á pdf-formi, hljóðefni, fræðslumyndir, kennsluforrit og loks gagnvirk efni og námsvefir sem allt er gefið út á vef stofnunarinnar www.nams.is. Fjöldi verkefnaráðinna höfunda, myndgerðarfólks, hönnuða og forritara, auk prenttækni fólks, tæknimanna og ráðgjafa sem starfa utan stofnunar, kemur að samningu og gerð efnisins.

Útgáfan

Til verkefna námsefnis- og framleiðsluviðs var varið samtals tæplega 219 milljónum króna á árinu 2009. Í vinnu höfunda og myndgerðarfólks fóru rúmar 55 milljónir króna. Tæplega 7 milljónum var varið í gerð og útgáfu fræðslumynda, tæplega 26 milljónum í gerð og útgáfu rafræns námsefnis og nærri 131 milljón í prentun og aðra framleiðslu.

Á árinu komu út alls 256 titlar. Þar af voru 95 frumútgáfur, 14 endurútgáfur og 147 endurprentanir. Af frumútgáfum voru alls 36 titlar prentað mál, 12 titlar hljóðbækur og hlustunarefni og fjórar fræðslumyndir. Á vefsíðu stofnunarinnar komu út 10 nýir námsvefir og gagnvirkir vefir og 33 titlar til útprentunar á pdf-formi, auk annars smálegs. Samtals komu út á árinu nærri 600 þúsund eintök. Meðal þess helsta sem kom út á árinu 2009 má nefna eftirfarandi:

Í dönsku kom út nýtt námsefni fyrir unglingastig sem heitir *Ekko*. Auk nemendabókar komu út tvö verkefnahefti ásamt hlustunarefni, samtalsæfingum og kennsluleiðbeiningum á vef.

Í íslensku kom margt út á árinu. Fyrst má nefna handbók kennara, *Íslenska í 1. og 2. bekk*. Hand-



Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, fylgist einbeitt með opnun á nýjum vef um loftslagsmál í Sjúalandsskóla, í nóvember síðastliðnum.

bókin er unnin í anda aðalnámskrár frá 2007 og leggur áherslu á heildstæða móðurmálskennslu. Þá var einnig opnað veforgið *Íslenska á yngsta stigi*. Þar má m.a. nálgast kennsluhugmyndir og ýmiss konar verkefni með fyrrnefndri handbók, auk viðbótarefnis með bókaflokkunum *Listin að lesa og skrifa* og *Smábókaflokknum*. Í síðarnefnda flokknum bættust við bækurnar *Drekadansinn*, *Láki Máni* og *Þjófahyskið* og *Tommi og tækin*. *Bókakista* er ætluð til að efla lestraráhuga og sjálfstæðan lestur nemenda á yngsta stigi. Þá má telja *Fallorðaspilið* sem er málörvunarefni, m.a. ætlað til sérkennslu, en til sérkennslu komu einnig út auðlesnu sögubækurnar *Lygasaga* og *Óboðnir gestir*. Á mið- og unglingastigi má nefna að út komu þjóðsagnasafnið *Trunt, trunt og tröllin* og þriðja og síðasta bók lðunnar Steinsdóttur með endursögnum úr Snorra-Eddu, *Æsir á fljúgandi ferð*. Fyrir þá nemendur sem hafa íslensku að öðru tungumáli kom út heftið *Hitt og þetta*, þar sem eru leskaflar og verkefni, og vefefnið *Sögur frá Íslandi*, sem er þýðing á vefnum *Iceland in English* sem út kom árið 2006.

Í listgreinum komu út handbók fyrir leiklistarkennslu, *Leikur, tjáning, sköpun* og *Hljóðleikhúsið*, sem er efni sem þjálfar nemendur í því að kanna hljóðheiminn. *Söngvasafn 1* er að hluta endurskoðað



Þann 20. nóvember var þess minnst í Smáraskóla í Kópavogi að 20 ár voru liðin frá setningu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni var opnaður vefurinn www.barnasattmali.is.

efni úr söngvasöfnum sem fylgdu námsefni í tónmennt fyrir yngsta stigið og loks má geta efnis sem gefið var út í samstarfi við arkitektafélag Íslands og heitir *Byggingarlist í augnhæð*.

Undanfarið hefur margt verið gefið út undir merkjum lífsleikni og var árið 2009 engin undantekning frá því. *Ertu?* er vinnubók í lífsleikni þar sem fjallað er m.a. um sjálfsþekkingu, tilfinningar og samskipti. *Lagt í vörðuna* er geðræktarefni sem ætlað er miðstigi grunnskóla og einnig má nefna nýtt umferðarfræðsluefni, *Á ferð og flugi í umferðinni*, ætlað miðstigi og *Allir spenntir* sem hentar umferðarfræðslu fyrir unglingastigi. Þá kom út mikið verk sem unnið var í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og heitir *Kompás – handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*. Handbókin, sem er ætluð æskulýðsleiðtogum, kennurum og öðrum sem vinna með ungu fólki, er samin innan ramma áætlunar æskulýðs- og íþróttadeildar Evrópuráðsins um mannréttindi.

Í náttúrufræði má helst geta þess að opnaður var gagnvirkur vefur á árinu sem nefnist *Jarðfræðivefurinn*. Hann skiptist í þrjá hluta; Uppbygging jarðar, Jarðskjálftar og Eldgos. Áfram er unnið að þróun hans. Annar gagnvirkur vefur um loftslagsmál var opnaður á árinu. Hann tengist útgáfu þemaheftis um loftslagsmál. Meðal efnis á vefnum er þýdd fræðslumynd um gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar. Þá kom út safn fjölbreyttra æfinga í

eðlis- og efnafræði sem heitir *Verklegar æfingar í náttúrufræði* og er ætlað miðstigi. Loks má geta nokkurra fræðslumynda, m.a. af lífverum neðan-sjávar, um fugla og fleira.

Í samfélagsgreinum kom m.a. út síðasta heftið í hinum vinsæla bókaflokki *Komdu og skoðaðu*. Það heitir *Komdu og skoðaðu íslenska þjóðhætti*. Þá má nefna nýtt þemahefti ætlað unglingastigi sem heitir *Árið 1918* og fjallar, eins og nafnið bendir til, um þetta viðburðaríka ár í sögu landsins. Einnig má geta tveggja bóka í sögu, *Miðaldafólk á ferð*, þar sem einkum er fjallað um síðari hluta miðalda og *Sögueyjan*, sem er fyrsta heftið af þremur í nýjum flokki um sögu Íslands og nær yfir tímabilið frá landnámi til fyrri hluta 16. aldar. Enn fremur kom út endurskoðuð útgáfa af *Þjóðfélagsfræði* fyrir 10. bekk.

Sproti er nafn á nýjum flokki stærðfræðibóka sem haldið var áfram að gefa út á árinu. Nú er komið út efni fyrir fyrstu tvö námsárin og stefnt að því að innan tveggja ára verði efni komið út upp að unglingastigi.

Útgáfum á vef Námsgagnastofnunar fjölga jafnt og þétt. Nú eru allar hljóðbækur gefnar út á vefnum til niðurhlaðs og sama má segja um flestar fræðslumyndir sem stofnunin gefur út. Þá er að geta vefsvæðisins *Í dagsins önn* sem fjallað er sérstaklega um á öðrum stað í ársskýrslunni.

FRUMÚTGÁFUR ÁRSINS 2009

Fræðslumyndir

Gosið og uppbyggingin í Vestmannaeyjum
Gróðurhúsaáhrif, loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar
Kína – Efnahagslegt heimsveldi
Neðansjávarmyndir
Samtals fjórir titlar

Hljóðefni á geisladiskum

Dejlige Danmark – Lausnir
Einn titill

Hljóðbækur/hlustunarefni á vef

Ég heiti Grímar
EKKO
EKKO – Hlustunaræfingar
Hitt og þetta – Íslenska sem annað tungumál
Lífið í Ásgarði – Gullnar töflur í grasi
Lygasaga
Miðaldafólk á ferð
Óboðnir gestir
Óðinn og bræður hans
Sögueyjan 1. hefti 870–1520
Trunt, trunt og tröllin
Samtals 11 titlar

Prentað efni

Handbækur

Handbók fyrir leiklistarkennslu
Íslenska í 1. og 2. bekk – Handbók kennara
Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk
Lagt í vörðuna – Geðræktarefni

Kennaraefni

Ritum saman - Blái blýanturinn – kennsluleiðbeiningar
Sproti 1 – Kennarabók
Sproti 2a – Kennarabók

Nemendaefni

Allir spenntir
Á ferð og flugi í umferðinni
Árið 1918
Bókakista
Byggingarlist í augnhæð
Drekadansinn – Myndaspjöld
EKKO – Nemendabók
EKKO – Opgavebog A
EKKO – Opgavebog B
Ertu?
Hitt og þetta – Íslenska sem annað tungumál
Hljóðleikhúsið
Komdu og skoðuðu íslenska þjóðhætti
Lygasaga – Auðlesin sögubók



Miðaldafólk á ferð
Óboðnir gestir – Auðlesin sögubók
Ritum saman – Blái blýanturinn
Smábók – Drekadansinn
Smábók – Láki Máni og þjófahyskið
Smábók – Tommi og tækin
Sproti 2a – Æfingahefti
Sproti 2a – Nemendabók
Sproti 2b – Æfingahefti
Sproti 2b – Nemendabók
Sögueyjan 1. hefti 870 – 1520
Söngvasafn 1
Trunt, trunt og tröllin
Æsir á fljúgandi ferð – Hefnd Loka

Spil

Fallorðaspilið
Prentað efni samtals 36 titlar

Vefefni

Gagnvirkt efni/námsvefir

Jarðfræðivefurinn
Loftslagsbreytingar á jörðinni
Margföldun í undirdjúpunum
Landafræði tónlistarinnar
Mályrkjuvefur
Málþjörg
Skrifað í skrefum
Sögur frá Íslandi
Lesþjálfari
Lesum og skoðum orð
Samtals 10 titlar

PDF-skjöl á vef

Allir spenntir – Kennsluleiðbeiningar
Á ferð og flugi í umferðinni – Kennsluleiðbeiningar
Árið 1918 – Kennsluleiðbeiningar
Bókakista – Verkefni
Bréf til foreldra
Byggingarlist í augnhæð – Kennsluleiðbeiningar
Byrjendalæsi
EKKO – Kennsluleiðbeiningar
Ertu? – Kennsluleiðbeiningar
Hvetjandi námsumhverfi
Ísland – Veröld til að njóta – Kennsluleiðbeiningar
Katla gamla – Kennsluhugmyndir
Komdu og skoðu landakort – Kennsluleiðbeiningar
Komdu og skoðu íslenska þjóðhætti – Kennsluleiðbeiningar
Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk – Vefútgáfa
Miðaldafólk á ferð – Kennsluleiðbeiningar
Ritun – Málfræði
Samvera – Handbók fyrir foreldra og kennara
Samvera – Kennsluleiðbeiningar
Sproti 2b – Kennarabók
Sögueyjan 1. hefti 870–1520 – Kennsluleiðbeiningar
Sögur frá Íslandi – Kennsluleiðbeiningar
Talað mál og hlustun
Samtals 23 titlar



Verkefni til útprentunar

Drekadansinn – Verkefni
Fræðslumyndir í náttúrufræðum – Verkefni og svör
Hitt og þetta – Íslenska sem annað tungumál
Í undirdjúpunum – Matsblað
EKKO – Samtalsæfingar
Láki Máni og þjófahyskið – Verkefni
Sproti 2a – Dagatal
Sproti 1 – Verkefnablöð
Sproti 2a – Verkefnablöð
EKKO – Hlustunaræfingar
Samtals 10 titlar

Samantekt

Frumútgáfur

Prentað mál	36 titlar	124.070 eint.
Hljóðefni og textar(CD)	7 titlar	1.050 eint.

Vefefni

Pdf-skjöl	23 titlar	
Verkefni til útprentunar	10 titlar	
Gagnvirkt vefefni	10 titlar	
Fræðslumyndir	4 titlar	
Hljóðefni	11 titlar	
Alls	95 titlar	125.120 eint.

Endurútgáfur

Prentað mál	14 titlar	49.500 eint.
Alls	14 titlar	49.500 eint.

Endurprentanir

Prentað mál	129 titlar	402.377 eint.
Prentað mál (aðkeypt)	11 titlar	21.215 eint.
Hljóðefni (CD)	4 titlar	175 eint.
Hljóðefni (aðkeypt)	3 titlar	150 eint.
Alls	147 titlar	423.917 eint.
SAMTALS	256 titlar	598.537 eint.

Úthlutun námsgagna 2009

Úttektarheimild	289.996.000 kr.
Úttekt á árinu	260.449.252 kr.
Eintakafjöldi	630.322 eint.
Meðalverð á eintak	413 kr.

Auk þess voru afgreidd 26.239 eintök utan kvóta.

KYNNINGARSTARF

Árið leið ekki með venjulegum hætti í Námsgagnastofnun. Yfirleitt er fyrsta verk ársins árleg uppskeruhátíð allra höfundna og teiknara sem koma að útgáfum ársins hjá okkur. Vegna flutninga var þessu frestað fram á haustið þegar veglegt innflutningsboð var haldið í Víkurhvarfi 3. Árið leið svo við ýmis störf, svo sem að senda út kynningar, fara á sýningar, senda fulltrúa á kynningar, meðal annars á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og víðar.

Tíu kynningarbæklingar voru gefnir út á árinu og sex dreifibréf, sem voru gefin út rafrænt á heimasíðu stofnunarinnar og send á póstlista sem fólk getur skráð sig á. Á öskudaginn var sýning á nýju námsefni á Hilton hótelinu en þar voru kennarar á ráðstefnu á vegum Menntasviðs Reykjavíkurborgar. Einnig var efnt til sýningar hjá Menntasviði á efni fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál, samhliða námskeiði sem var haldið þar fyrir kennara innflytjenda.

Samstarf við Bókasafn Menntavísindasviðs Háskóla Íslands hélt áfram á þessu ári. Á bókasafninu var efnt til sex sýninga á árinu á námsefni í flestum greinum, hver sýning stóð yfir í viku til hálfan mánuð. Ein stór sýning var í aðalrými skólans í ágúst, þegar stóð yfir staðbundin lota fjarnema, þar sem sýnt var efni sem kom út 2006–2009.

Í ágúst var árleg sýning á öllu útgáfuefni stofnunarinnar haldin í Árbæjarskóla. Þar voru 14 fræðslufundir fyrir kennara, á vegum Námsgagnastofnunar, flestir tengdir nýju efni. Stofnunin bauð útgefendum á almennum markaði að vera með á sýningunni og voru þar mættir fulltrúar frá Bjarti, Forlaginu, Skólavefnum, A4 Skólavörubúð, Varmási með SMART töflur, Barnabókaútgáfunni og fleirum. Þessir aðilar buðu kennurum upp á átta fræðslufundi um nýtt efni sem þeir gefa út.

Mikill fjöldi gesta mætti á sýninguna, sem var ákaflega ánægjulegt, og voru öll bílastæði í nágrenninu nýtt allan daginn. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda tókst sýningin afar vel. Við nutum þess að starfsmenn Árbæjarskóla eru orðnir öllu vanir og stýra þessu af miklum myndugleika. Eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir sinn þátt í sýningunni og Þorsteinn Sæberg skólastjóri fyrir lánið á húsinu.

Námsgagnastofnun tók þátt í árlegum haustþingum kennarafélaganna að venju. Þetta árið komu kennarar á Vesturlandi inn með þing sem hefur ekki verið undanfarin ár. Námsgagnastofnun sendi sýningar 19. ágúst á Varmaland, 20. ágúst á Hafra- læk og 21. ágúst á Akureyri. Sýningar, ásamt fyrirlesurum með fræðslufundi að vali kennarafélag- anna, voru 4. september á Núpi, 11. september á Eiðum, 25. september í Varmahlíð, 25. september á Flúðum og 2. október í Vestmannaeyjum.

Heimasíðan

Auk dreifibréfa, sem nú eru gefin út á rafrænu formi, og heimasíðunnar er póstlistinn það samskiptatæki sem mest er notað til þess að hafa samband við kennara og aðra áhugamenn um starfsemi stofn- unarinnar. Í lok ársins 2009 voru tæplega 2800 net- föng skráð á póstlistann sem er talsverð fjölgun frá árinu 2008. Allt áhugafólk um námsefni ætti að skrá sig á póstlistann, sem hefur sannað sig sem okkar besta tæki til að ná til viðskiptavina stofnunarinnar. Sífelld fjölgar þeim sem nota vefinn www.nams.is. Innlit á vefinn voru um 670.000 árið 2009.

Auglýsingar

Námsgagnastofnun auglýsti reglulega í fagttímritum kennara og sérblöðum. Á síðastliðnu ári var auglýst í fjölmiðlum og í fyrsta skipti í sjónvarpi þar sem birtust fjórar skáauglýsingar um nokkra vefi sem henta almenningi auk þess sem viðtöl við starfsmenn birtust þar sem fjallað var um vefefni.

Ritfréttir hafa birst á árinu í Skólavörðunni og Skímu þar sem nýtt efni var kynnt.



Í DAGSINS ÖNN



Nokkrir nemendur í Háteigsskóla og Ragnheiður Sigtryggisdóttir, kennari þeirra.

Vefsíðan *Í dagsins önn* var opnuð árið 2004. Markmið síðunnar var að koma til móts við þarfir grunnskólanna fyrir efni sem fjallar um það sem efst er á baugi hverju sinni. Á árinu hefur verið birtur fjöldi greina um málefni líðandi stundar. Þar á meðal eru verkefni tengd degi íslenskrar tungu og degi læsis, jóladagatal með stærðfræðiprautum, ferðasaga íslenskrar fjölskyldu í Suður-Ameríku, sem rakin var í máli og myndum, og birt voru verkefni um Hallgrím Pétursson. Einnig voru pistlar og greinar um jarðskjálftann á Haítí, lundapysjur, langflug kríunnar, stjörnufræði og 200 ára afmæli Charles Darwin á vefsíðunni.

Þá var fjallað sérstaklega um námsbókina *Kæra dagbók*, sem einkum er ætluð nemendum með annað tungumál en íslensku, og skoðað hvernig hún reyndist í kennslu. Af því tilefni var farið í heimsókn í Háteigsskóla og rætt við kennara og nemendur um það hvernig þau nýttu bókina í samfélagsfræðikennslu. Hér er einungis stiklað á stóru í upptalningu á því efni sem fjallað hefur verið um á vefsíðunni.

STARFIÐ ER MARGT



Ingibjörg Ásgeirsdóttir flytur ávarp í Þjóðmenningarhúsinu í desember í tilefni af útgáfu Kompáss, handbókar um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk. Um leið undirritaði mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, viljayfirlýsingu um samstarf ráðuneytisins við Háskólann á Akureyri, Akureyrarbæ, Rauða kross Íslands og Ungmennafélag Íslands um að efla lýðræði og mannréttindi í skólum og í félags- og æskulýðsstarfi. Ávarpið var þýtt á táknmál.

Af vettvangi stjórnar Námsgagnastofnunar

Stjórn Námsgagnastofnunar var á árinu skipuð eftirtöldum einstaklingum: Formaður Björg Pétursdóttir, menntamálaráðuneytinu, varaformaður Gunnar Gíslason tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Aðrir stjórnarmenn Elín Thorarensen frá Heimili og skóla, Ólafur Loftsson tilnefndur af Kennarasambandi Íslands og Reynir Daníel Gunnarsson einnig tilnefndur af Kennarasambandi Íslands. Varamenn eru Sigurjón Mýrdal, Helga Gunnarsdóttir, Sesselja G. Sigurðardóttir, Jón Ingi Einarsson og Sjöfn Þórðardóttir.

Hlutverk stjórnar er, samkvæmt lögum um starfseminu, að marka stofnuninni stefnu í samráði við forstöðumann, staðfesta starfs- og fjárhagsáætlanir og veita forstöðumanni ráðgjöf og fylgjast með starfseminni. Í samræmi við það hefur stjórnin sett sér starfsreglur og markmið.

Stjórnin kom saman á sex reglulegum fundum á árinu, auk annars samráðs. Meðal verkefna var að fara yfir rekstrar- og útgáfuáætlanir, fylgjast með framvindu mála varðandi flutning stofnunarinnar í Víkurhvarf 3, leggja á ráð um kannanir í skólum og fylgja eftir markmiðum stjórnar í ársskýrslu. Þá var talsverðum tíma varið í umræður um málefni innflytjenda í grunnskólum og hvernig best verði komið til móts við þarfir þeirra.

Viðhorf til Námsgagnastofnunar

Á árinu var tekið upp rafrænt kerfi til skoðanakannana á meðal kennara og skóla. Meðal annars voru gerðar kannanir á meðal kennara um útgáfu í einstökum greinum og í janúar var gerð könnun meðal þeirra sem skráðir eru á póstlista hjá stofnuninni um viðhorf þeirra til Námsgagnastofnunar og þjónustu hennar. Alls bárust um 900 svör. 89% kváðust frekar sammála eða mjög sammála því að Námsgagnastofnun ræki vel það hlutverk sitt að sjá grunnskólum fyrir námsefni. 96% voru frekar sammála eða mjög sammála því að Námsgagnastofnun gefi út vandað námsefni og 85% að stofnunin gefi út fjölbreytt námsefni.

Að meðaltali voru því um 90% ánægðir eða mjög ánægðir með það námsefni sem Námsgagnastofnun gefur út. Ekki verður annað sagt en að þetta sé mjög ánægjuleg vísending um að hjá stofnuninni sé unnið gott starf sem skilar sér út í samfélagið. Þetta gefur þeim sem að þessu vinna aukinn vind í seglin og hvetur til áframhaldandi góðra verka.



Nýtt aðsetur Námsgagnastofnunar að Víkurhvarfi 3, Kópavogi.

Nýtt sölu- og úthlutunarkerfi

Í byrjun árs var nýtt sölu- og úthlutunarkerfi að fullu tekið í notkun hjá Námsgagnastofnun. Það leysti af hólmi kerfi sem búið var að notast við utnumhald við lager og úthlutun námsgagna. Nýja kerfið heitir Axapta og er frá Microsoft. Það er mjög sveigjanlegt og býður upp á ýmsa tengimöguleika, svo sem við vefkerfi stofnunarinnar. Í framtíðinni er því stefnt að því að opna fyrir vefsölu til almennings á útgáfuefni stofnunarinnar.

Matsdagur í Kríunesi

Þann 19. febrúar komu allir starfsmenn Námsgagnastofnunar saman á svokölluðum matsdegi sem að þessu sinni var haldinn í Kríunesi við Elliðavatn. Að venju var tíminn notaður til að fara yfir rekstur og útgáfur undangengins árs, ásamt markmiðum og mælikvörðum sem skráðir eru í svonefndu Stefnumiðuðu árangursmati, eða Balanced Scorecard, sem stofnunin hefur fylgt nokkur undanfarin ár í starfsemi sinni. Með því móti er leitast við að skrá árangur og fylgjast með hvernig miðar í að ná settum markmiðum.

Einnig var nokkrum tíma varið til að fara yfir ýmis skjöl úr starfsmannahandbók stofnunarinnar, svo sem jafnréttisáætlun, umhverfisstefnu og leiðarljós í samskiptum starfsmanna og markaðar leiðir til að stuðla að góðum starfsanda og starfsánægju. Öllum ber saman um að mikið gagn sé af því að staldra við á matsdeginum, líta yfir starfseminu og taka tíma í að ræða ýmislegt sem ekki gefst tómt til að ræða í dagsins önn.

Stefnumótun um námsefni fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Meðal stefnumótandi gagna sem samin voru á árinu er ofangreind stefnumótun sem ritstjórnir Aldís Yngvadóttir, Hafdis Finnbogadóttir og Sylvía Guðmundsdóttir tóku saman. Meðal lykilartriða stefnumörkunarinnar er að kunnátta í íslensku sé grundvallaratriði fyrir nemendur sem stunda nám í íslenskum grunnskólum og að ísliskan sé lykill að námi þeirra. Því verði haldið áfram að leggja áherslu á að gefa út námsefni í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál. Við gerð námsefnis verði almennt tekið mið af því að efnið verði notað við kennslu tvítyngdra barna og að lögð verði áhersla á að gefa út efni sem vinnur gegn fordómum í garð útlendinga og hvetur til samhygðar, samhjálp og skilnings í þeirra garð. Þetta er gert með gerð námsefnis sem fjallar um menningu, siði og trúarbrögð annarra þjóða og efni sem segir frá reynslu innflytjendanna sjálfra af því að koma til Íslands.

Námsgagnastofnun flutt í Víkurhvarf 3

Eins og fram kemur í formálsorðum, fluttist öll starfsemi Námsgagnastofnunar undir eitt þak að Víkurhvarfi 3 í Kópavogi í byrjun apríl. Eins og nærri má geta var ekki hlaupið að því að flytja eftir áratugalanga veru á Laugavegi 166 og í Brautarholti 6. Bókalager stofnunarinnar, sem taldi um milljón eintök, var fluttur nánast eins og hann lagði sig og komið fyrir í nútímalegu lagerhúsnæði, þar sem hægt er að beita nútíma tækni. Það var mikil framför.



Hannes Gíslason fjármálastjóri ber fyrsta húsgagnið inn í Víkurhvarf 3.



Pórhildur og Margrét voru að drukkna í gömlum próförkum þegar tekið var til á gamla staðnum.



Jakob Gunnarsson leggur blessun sína yfir bóka-stæðu sem er á leið á nýja lagerinn.



Í Víkurhvarfi er hægt að koma við nýjustu tækjum á lagernum.



Margir kvöddu Laugaveg 166 með söknuði.



Það er í mörg horn að líta þegar flutt er eftir langa veru á sama stað.



Á nýjum lager er fullkomin aðstaða fyrir stöðluð Evrópu-vörubretti, sem ekki var hægt að nota fyrr.



Gamlir samstarfsmenn í innflutningsboði. Frá vinstri: Ásgeir Guðmundsson, Sigríður Jónsdóttir, Guðbjörg Einarsdóttir og Jakob Gunnarsson.

AF ERLENDU SAMSTARFI

NORRÆN SKÓLABÓKARÁÐSTEFNA

Norræn skólabókaráðstefna var haldin í Árhús í Danmörku dagana 12.-14. ágúst síðastliðinn. Aldís Yngvadóttir og Ingibjörg Ásgeirsdóttir sóttu ráðstefnuna fyrir hönd Námsgagnastofnunar. Þátttakendur á ráðstefnunni voru rúmlega hundrað, auk okkar tveggja frá Íslandi voru þeir frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Grænlandingum og Færeyingum hafði ekki verið boðin þátttaka og hvatti ég eindregið til þess að þeim yrði framvegis boðið að vera með. Því var vel tekið.

Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um netnotkun barna og áhrif hennar á félagslegan þroska þeirra, hættur á vefnum og afstöðu foreldra til netnotkunar barna sinna. Þá var fyrirlestur um mismunandi námsstíla barna og áhrif þeirra á námið. Fjallað var um mat á námsefni og fram kom m.a. að í Danmörku er rætt um að taka upp það fyrirkomulag að námsefni þurfi sérstaka viðurkenningu til að það teljist nothæft fyrir grunnskólana. Um þetta eru mjög skiptar skoðanir og fyrirlesarinn taldi vænlegra að viðhafa aukið mat á námsefni og koma af stað umræðum um gæði þess.

Í fyrirlestri um faglega miðlun kom fram það sjónarmið að textar sem skrifaðir eru af mörgum höfundum séu oft ópersónulegir og hafi ekki eina rödd en það taldi fyrirlesarinn mikilvægt að námsefni hefði. Honum fannst líka oft vanta húmor í námsefni og t.d. litlar sögur eða svolítið drama til að glæða textann lífi.

Loks var fyrirlestur sem nefndist „Að lesa til að læra“. Þar var bent á ýmislegt sem létt getur nemandanum lesturinn og aukið skilning á efninu. Fyrirlesarinn lagði m.a. til að erfiðustu orðin í textanum væru tekin út á spássíu og útskýrð þar. Mikilvægt væri að í efninu væri nemendum bent á hvar megi finna meiri upplýsingar um efnið og sömuleiðis hvað er að finna í námsefninu sem kom á undan og því sem fylgir á eftir. Enn fremur að tengja sem mest af efninu við daglegt líf nemenda, eitthvað sem þeir skilja og þekkja.

Fulltrúar allra þáttökulandanna sögðu frá því sem efst er á baugi í skólamállum/námsefnisgerð landanna. Sérstaklega var óskað eftir því að allir segðu frá stöðu stafræns námsefnis í sínu landi. Aldís talaði fyrir hönd Námsgagnastofnunar og sagði frá breyttri stöðu á námsefnismarkaði með nýjum lögum um námsgögn og fjallaði síðan um einstaklingsmiðað nám og óskir kennara hér á landi um einstaklingsmiðað námsefni.

Flestum ræðumönnum þótti ganga heldur hægt með innleiðingu á stafrænu námsefni. Grunnefnið er bók og fylgjefni er stafrænt. Töluvert er keypt af stafrænum töflum í skólunum en þær eru lítið

notaðar. Nóg er af tölvum í skólunum en það vantar tölvuumsjónarfólk. Nemendur eru oft mun lengra komnir í notkun/þekkingu á tölvum og stafrænu efni heldur en kennararnir. Í Danmörku er ný námskrá svo nákvæm að nýtt námsefni frá forlögnum er allt mjög svipað.

Mjög vel var að ráðstefnunni staðið og hún var í alla staði gagnleg og ánægjuleg.

IGEP RÁÐSTEFNA


Árleg IGEP ráðstefna var haldin í Róm á Ítalíu dagana 3.-6. júní. Ingibjörg Ásgeirsdóttir sótti ráðstefnuna fyrir hönd Námsgagnastofnunar. Meðal þess sem var til umfjöllunar má nefna námsefnisgerð í ört breytilegum heimi og stafræna útgáfu námsefnis við þær aðstæður að flest er frítt á Netinu og væntingar eru um að námsefni sé það líka. Auk þess var fjallað um útgáfur fyrir stafrænar töflur og þjónustu á vef fyrir nemendur á öllum aldri. Útgefendur sýndu nýjar útgáfur á vef og skiptust á skoðunum um ágæti þeirra. Gestum utan IGEP samtakanna var í fyrsta sinn boðið til ráðstefnunnar og voru þeir frá kínversku forlagi. Þeir sögðu frá starfsemi sinni og greindu almennt frá námsefnisgerð í Kína.



VEFUR NÁMSGAGNASTOFNUNAR

WWW.NAMS.IS

Alltaf er fróðlegt að skoða umferðina á vef Námsgagnastofnunar. Stofnunin nýtir sér samræmda vefmælingu fyrirtækisins Modernus ehf, sem gefur áreiðanlegan samanburð við ýmis önnur fyrirtæki og stofnanir.



Eins og sjá má er mikið gert að því að fara inn á einstakar vefsíður í gegnum krakka- og unglingasíðurnar sem eru eins konar safngáttir hentugra vefsíðna fyrir börn og unglinga. En eins og undanfarin ár er Fuglavefurinn langvinsælastur og það efni á vefnum sem mest er notað á vorin og haustin.

Meðfylgjandi mynd sýnir vikuleg innlit á vefinn árið 2009. Sjá má að á starfstíma skólanna voru þau lengst af á bilinu 16–18 þúsund á viku og fóru hæst í nærri 23 þúsund um mánaðamót september/október. (Heimild: Modernus ehf)

Einnig er fróðlegt að sjá hvaða vefsíður voru mest sóttar árið 2009. Aftur er það fjöldi innlita sem talin eru og kemur þá eftirfarandi í ljós þegar teknar eru tuttugu vinsælustu vefsíðurnar:

Vefsíða

Fjöldi innlita

Krakkasíður	232.126
Fuglavefur	82.801
Unglingasíður	70.918
Orðakistur	48.342
Álfur	39.564
Að skrifa rétt	35.944
Stafsetning	35.153
TX-10	33.627
Ritum rétt	33.427
Brúsar	32.227
Almenn brot	30.325
Upplýsingatækni í 5.–7. bekk	29.873
Kynfræðsluvefurinn	28.932
Bína	28.329
Write Right	27.408
Margt er skrytið hjá Gunnari	26.463
Fjaran og hafið	25.084
Búi	23.176
Klukkan	22.878
Lotukerfið	18.881

(Heimild: Modernus ehf)



ÁRSREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2009

Efnaðagsreikningur 31. Desember 2009

	Eignir	Skuldir og eigið fé
Veltufjármunir/skammtímaskuldir	190.228.798	38.298.704
Langtímakröfur/áhættufjármunir	0	
Langtímaskuldir		0
Höfuðstóll		151.930.094
Alls	190.228.798	190.228.798

Rekstrarreikningur fyrir árið 2009

Dagvinna	107.717.359
Aukagreiðslur	1.025.670
Yfirvinna	1.994.347
Launatengd gjöld	23.961.088
Launakostnaður	134.698.464
Fundir, námskeið og risna	1.842.650
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	316.450
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	1.180.635
Akstur	1.735.579
Ferðakostnaður	5.075.314
Tímarit, blöð og bækur	29.595.843
Skrifstofuvörur og áhöld	38.382.762
Aðrar vörur	5.422.776
Rekstrarvörur	73.401.381
Önnur sérfræðiþjónusta	90.831.445
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	5.138.037
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	79.025.758
Sími og ýmis leigugjöld	6.597.794
Aðkeypt þjónusta	181.593.034
Verkkaup og byggingavörur	3.971.495
Rafmagn og heitt vatn	1.455.265
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	33.464.364
Fasteignagjöld og tryggingar	2.558.260
Húsnæðiskostnaður	41.449.384
Vextir, bætur, skattar	20.313.798
Eignakaup	9.151.416
Birgðabreytingar	-10.895.600
Ýmislegt	18.569.614
Gjöld samtals	454.787.191
Sértekjur	20.692.758
Gjöld umfram tekjur	434.094.433